

KIRKJUGARÐARÁÐ

**13. fundur haldinn 13. október 2003
kl. 14:00 í fundarsal Biskupsstofu.**

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs sem ritaði fundargerð. Margrét Hallgrímsdóttir hafði boðað forföll.

Gestir: Pétur Jónsson landslagsarkitekt og Ómar Halldórsson sóknarnefndarmaður í Stórólshvolssókn.

1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

3. Kynning á nýjum kirkjugarði á Hvolsvelli

Nýi kirkjugarðurinn er staðsettur rétt utan við bæinn og var hann byggður frá grunni upp á landi þar sem áður voru tún. Pétur fór yfir skipulag kirkjugarðsins, en þar er gert ráð fyrir bæði hefðbundnum legstæðum og reitum fyrir duftker.

Fjöldi legstæða er 214 í fjórum reitum. Ómar sem hefur haft umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd sóknarinnar lýsti í máli og myndum framvindu verksins allt frá því að fyrsta skóflustungan var tekin í lok október 2001 þar til garðurinn var vígður í sumar.

Formaður þakkaði Pétri og Ómari fyrir mjög áhugaverða kynningu og viku þeir síðan af fundi.

4. Tillaga kirkjumálaráðherra um ákvörðun kirkjugarðsgjalds o.fl.

Lögð voru fram drög að tillögu, sem kirkjumálaráðherra ætlar að leggja fyrir komandi Kirkjubing um nýjan grundvöll við ákvörðun kirkjugarðsgjalds og skiptingar þess, sem byggir á samkomulagi milli kirkjumálaráðuneytisins og Kirkjugarðaráðs.

Í tillögunni er m.a. farið yfir starfsemi kirkjugarða, skipulag þeirra, núverandi tekjukerfi kirkjugarða og nýtt fyrirkomulag á skiptingu kirkjugarðsgjaldsins.

Líst ráðinu vel á tillöguna og gerir engar athugasemdir við hana.

5. Næsti fundur

Næsti fundur 10. nóvember kl. 14:00.

6. Önnur mál

Guðmundur Rafn lagði fram bréf sem hann hafði sent til kaþólska safnaðarins í Reykjavík vegna kirkjugarðs í Landakoti.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:55.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
ritari